

Ed.

366. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frumvarp þetta er nú í 3. sinni af stjórninni lagt fyrir alþingi. Á tveim undanfarandi þingum hefir verið svo mikill ágreiningur um einstök atriði, að málið hefir ekki náð fram að ganga.

En fyrir þann ágreining hefir málið eðlilega fengið vandlegri ihugun og meðferð en ella mundi, og hefir stjórnin í frumvarpi sínu nú farið sem næst því, er virtist vera orðin niðurstaða fyrri þinga, nema í einu atriði, sem siðar skal nefnt, og háttvirt neðri deild hefir litlar aðrar breytingar gert en í því eina atriði, svo að ætla má, að í þeim buningi, sem frumvarpið liggur nú fyrir eftir meðferð neðri deildar, sé það orðið hæft til að verða að lögum.

Það, sem aðalágreiningurinn hefir verið um, eru tvö atriði:

1. að finna rjett blutfall milli þess annars vegar — sem er aðalhlutverk sjóðanna, að geyma tryggilega sparifje, og hins á aðra hlið, að sjóðirnir geti bætt úr brýnustn lánsþörf, hver á sínu svæði, sem, eftir því sem hér á landi hagar til, verður að skoðast annað aðalætlunarverk þeirra, og er til ómetanlegs gagns fyrir fjölda manna, sem örðugt eiga fyrir ýmsar sakir að neyta bankanna eða útbúa þeirra;
2. að skipaður væri sjerstakur eftirlitsmaður til að tryggja betur öryggis-tilgang sjóðanna.

Um hið fyrra virðist nú í frumvarpinu vera komið að niðurstöðu, sem við megi hlíta um sinn, þar sem annars vegar eru sett ýms ákveðin tryggingarfyrirmæli, þar á meðal þau, að jafnan skuli nokkuð af sjóðnum geymt í tryggum, auðseldum verðbrjefum, en hins vegar þó ekki meira en svo, að af varasjóði sje þannig geymt svo mikið, að nemi 5% af innstæðufje, ef varasjóðurinn sjálfur er þá orðinn svo mikill (17. gr.), og auk þess 3% af innstæðufjenu, þegar það er orðið 50000 eða meira (13. gr.). Er að vísu með þessu bundið nokkuð fje frá útlánum, en þó ekki frekara en svo, að sjóðirnir geti, hver í kringum sig, bætt að mun úr brýnustu lánsþörf.

Um hið annað atriði, einn eftirlitsmann með öllum sjóðunum, hefir verið enn meiri ágreiningur. Hefir verið gert ráð fyrir honum jafnan í stjórnarfrumvörpunum, enda sumir haldið því fram, að frumvarpið væri lítt nýtilegt án hans, en aðrir stungið upp á, að eftirlitsmaður væri með hverjum einstökum sjóði, valinn í sömu sýslu eða nágrenni við hvern þeirra, og gæti kostnaður með því móti orðið minni.

Eins og frumvarpið er nú komið frá hv. neðri deild, er þó hvorug þessi eftirlitsaðferð tekin upp, og þykir nefndinni það bera vott um, eftir þriggja þinga meðferð á málinu, að ekki sje enn tímabært, að skipaður sje fastur eftirlitsmaður, nje heldur komið á öðruvísi löguðu eftirliti, sem lítt væri að gagni.

Nefndin vill því heldur ekki leggja til að frumvarpinu sje breytt í þá átt, en þykir rjett, að frumvarpið sje samþykkt lítið breytt frá þeirri mynd, sem það nú hefir. Enda eru nú allir sparisjóðsreikningar endurskoðaðir af völdum endurskoðendum, sem á hverjum stað þykja hæfastir til þess, bæði að rannsaka reikningsfærslu og meta tryggingar og annað er máli skiftir um stjórn sjóðanna. Heldur ekki er kunnugt annað en að flestum sparisjóðum hafi reitt vel af og safnað töluverðum varasjóði, enda eru víðast þeir menn, er stuðlað hafa mest að stofnun þeirra, í stjórn þeirra og hafa gert sjer að skyldu, og margir sett metnað í, að sjá sem best um hag þeirra.

En eftir því sem þeirra manna missir við, og sjóðirnir, sem enn eru flestir smáir, fara vaxandi, þá verður meiri þörf eftirlitsins, en jafnframt mun þá verða fengin reynsla nokkur á lögnum og sú reynsla gera hægra fyrir að

koma sjer saman um fyrirkomulag eftirlitsins heldur en enn hefir raun á orðið.

Fáeinar smábreytingar viljum vjer þó gera á frumvarpinu, en væntum að þær þurfi ekki að valda ágreiningi eða verða málinu til tálmunar í háttv. neðri deild.

Í 2. gr. er ákveðið, að Stjórnarráðið megi veita undanþágur frá lög-unum í einstökum greinum. Þar viljum vjer bæta við »um stundarsakir«, svo að ekki sje til ætlast, að undanþágan sje fyrir fult og alt, en þó um leið frjálssar hendur með það, hve mikið er lagt í stundar sakir.

Í 6. gr. þykir oss orðið »vitavert« mega falla burtu, með því að hirðu-leysi, sem veldur sjóðnum fjártjóni, sje ávalt vitavert.

En aðalbreyting vor, sem sumir af oss leggja mesta áherslu á, er sú, að þar sem ákveðið er í 13. gr. að sjálfskuldarábyrgðarlán megi lána í lengsta lagi til eins árs, þá megi það þó gera með því skilyrði, að af því sje borgað á hverju ári og greitt til fulls á 10 árum.

Í 22. gr. viljum vjer láta burtu falla orðin »um stundarsakir«, svo að heimildin til að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana sje ótakmarkað af öðru en ráðstöfun þeirra, sem lögleg umráð hafa slíks fjár.

Þá viljum vjer láta tvær síðustu greinar frumvarpsins skifta um röð, svo að ákvæðið um hvenær lögin öðlast gildi sje síðasta grein þeirra.

Ráðum vjer að visu til að frumvarpið sje látið ganga óbreytt frá 2. til 3. umræðu, en munum þá bera fram breytingartillögur í þá átt, sem að fram-an greinir, og leggja til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breyt-ingum.

Efri deild Alþingis, 16. ágúst 1915.

Eiríkur Briem,
form.

Kristinn Daníelsson,
skrifari og framsm.

Björn Þorláksson.

Jósef Björnsson.

Karl Finnbogason.